

Tónlistardeild

Hljóðfæri/söngur

Starfsvettvangur söngvara á Íslandi

Er hægt að starfa sem klassískur söngvari á Íslandi?

Ritgerð til B.Mus gráðu í söng

Heiðís Hanna Sigurðardóttir

Haut 2016

Tónlistardeild
Hljóðfæri/söngur

Starfsvettvangur söngvara á Íslandi

Er hægt að starfa sem klassískur söngvari á Íslandi?

Ritgerð til B.Mus gráðu í söng

Heiðís Hanna Sigurðardóttir

Kt.: 120490-2309

Leiðbeinandi: Þóra Einarsdóttir

Haut 2016

Útdráttur

Íslenskir söngvarar starfa margir hverjir á alþjóðlegum markaði. Þeir syngja í óperuhúsum víða um heim og syngja á Íslandi þegar tækifæri gefst. Íslenska óperan er einn helsti starfsvettvangur óperusöngvara á Íslandi og síðustu ár hafa verið settar upp ein til tvær óperusýningar á ári. Engin fastráðning er í boði fyrir söngvara á Íslandi og þar af leiðandi er hvergi hægt að fá föst mánaðarlaun fyrir starf í söng. Meginefni þessarar ritgerðar er starfsvettvangur klassískra söngvara á Íslandi og leitast verður við að svara spurningunni: Er hægt að hafa fulla atvinnu af því að vera klassískur söngvari á Íslandi?

Til þess að leita svara við þessari spurningu var reynt að ná til starfandi söngvara á Íslandi með netkönnun. Voru þeir spurðir út í eigin reynslu og sýn á starfsvettvang og tækifæri hér á landi. Alls tóku 47 manns þátt í könnuninni og fjallað verður um niðurstöður könnunarinnar í þessari ritgerð.

Þátttakendur voru ekki sammála um hvort að hægt væri að lifa af söngstarfinu á Íslandi. Sumir töldu að svo væri, en að til þess þyfti að skapa eigin starfstækifæri, koma sér á framfæri og vera fjölhæfur. Fleiri töldu það þó óraunhæft og nefndu smæð markaðarins, óstöðugar tekjur og litla eftirspurn sem ástæður þess.

Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar, þá virðist mögulegt að vera í 100% starfi sem klassískur söngvari á Íslandi og að lifa af þeim tekjum, en einungis ef miðað er við lágmarkslaun.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Tenging mín við efnið.....	2
3. Rannsóknaraðferð.....	3
3.1 Afstaða rannsakanda.....	3
3.2 Fyrirbærafræði.....	4
3.3 Framkvæmd.....	4
3.4 Úrvinnsla gagna.....	5
3.5 Netkönnun.....	5
3.6 Úrtak.....	6
4. Fræðilegur grunnur.....	8
4.1 Háskólamenntun í tónlist.....	8
4.2 Aðferðafræði í námi.....	9
4.3 Starfsmöguleikar.....	9
4.4 Starfsvettvangur klassískra söngvara.....	10
4.5 Íslenska óperan.....	11
5. Niðurstöður netkönnunar.....	12
5.1 Er hægt að vera í fullu starfi sem klassískur söngvari á Íslandi?....	12
5.2 Laun.....	13
5.3 Lítil markaður.....	14
5.4 Að skapa eigin tækifæri.....	15
5.5 Menntun og reynsla.....	16
6. Vangaveltur.....	17
6.1 Lágmarkslaun.....	17
6.2 Leitað í önnur störf.....	18
6.3 Fastráðning.....	18
7. Lokaorð.....	19
8. Heimildaskrá.....	21
9. Viðauki I.....	22
10. Viðauki II.....	24

Inngangur

Á Íslandi er fjöldinn allur af tónlistarskólum og söngskólum og söngnám er mjög vinsælt. Margir íslenskir söngnemendur fara til útlanda í framhaldsnám til að stunda söngnám á háskólastigi. Áherslur í söngnámi á háskólastigi geta verið mismunandi, en í flestum tilvikum er markmið námsins að undirbúa söngnemendur fyrir starfsferil í söng.

Margir íslenskir söngvarar starfa á alþjóðlegum vettvangi og ferðast á milli landa og syngja á Íslandi þegar tækifæri gefst. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvaða starfsmöguleikar eru yfirhöfuð hér á landi og ef klassískir söngvarar myndu vilja búa og starfa á Íslandi væri það þá hægt og gengi það upp fjárhagslega?

Íslenska óperan er einn megin starfsvettvangur óperusöngvara á Íslandi og undanfarin ár hafa verið settar upp tvær uppfærslur á ári. Margir klassískt menntaðir söngvarar starfa við söngkennslu á Íslandi og hafa það ýmist sem aðalstarf eða aukastarf.

Efni þessarar ritgerðar er starfsvettvangur klassískra söngvara á Íslandi og helst var reynt að leita svara við spurningunum: Er hægt að hafa fulla atvinnu af því að vera klassískur söngvari á Íslandi?

Til þess að leita svara við þessum spurningum var gerð netkönnun á heimasíðunni www.surveymonkey.com og henni deilt í hópi sem að heitir *Söngvarar* á facebook. Einnig var könnunin send í tölvupósti til söngvara í Kór Íslensku óperunnar fyrir uppfærsluna *Évgení Onegin* haustið 2016.

Uppbygging ritgerðarinnar er á þá leið að fyrst verður sagt frá því hvers vegna þetta efni var valið og hver mín tenging við efnið er. Þá verður rannsóknaraðferðin kynnt og helstu fræði sem stuðst var við. Því næst verða niðurstöður rannsókna kynntar og þær tengdar við fræðin. Að lokum verður efnið dregið saman, ályktanir dregnar af helstu niðurstöðum og fjallað um hvaða spurningar þær vöktu upp hjá rannsakanda.

Tenging mín við efnið

Hugmyndin að þessu ritgerðarefni kviknaði stuttu eftir að ég kom heim til Íslands, haustið 2015, eftir að hafa verið í þrjú ár í bakkalárnámi í klassískum söng í Tónlistarháskólanum í Freiburg í Þýskalandi. Ég fór fljótlega að velta því fyrir mér hvaða starfsmöguleika klassískt menntaðir söngvarar hefðu á Íslandi og hvort það væri raunhæfur möguleiki að starfa á Íslandi og þá hvernig?

Þegar ég byrjaði í söngnámi 15 ára gömul, gerði ég mér ekki grein fyrir því að það væri starf að vera söngvari. Ég fór svo sem ekki í söngnám vegna þess að ég ætlaði að gera það að ævistarfi heldur einfaldlega vegna þess að mig langaði til þess að læra að syngja.

Eftir u.þ.b. tveggja ára söngnám í Tónlistarskóla Garðabæjar var ég spurð að því hvort að ég ætlaði að leggja sönginn fyrir mig. Í raun var það fyrst þá sem að ég áttaði mig á því að það væri möguleiki. Ég fór að velta því fyrir mér að ég gæti hugsanlega reynt að starfa sem söngkona. Það hljómaði vel í mínum eyrum. Eins og fjarlægur draumur sem væri samt þess virði að láta reyna á.

Ég ákvað að ljúka stúdentsprófi og framhaldsprófi í tónlistarskólanum og reyna svo að komast í háskólanám í söng. Samkvæmt mínum upplýsingum á þessum tíma voru möguleikarnir erlendis. Þar væri hægt að fara í háskólanám í klassískum söng og starfa sem söngvari. Þýskaland varð fyrir valinu og þegar ég byrjaði í náminu haustið 2012 sá ég fyrir mér að ég myndi í framtíðinni starfa í Þýskalandi og jafnvel setjast þar að.

Hugurinn var þó áfram á Íslandi og þegar tækifæri gafst var ég fljót að stökkva upp í næstu flugvél til Íslands. Í fríunum söng ég við ýmis tækifæri eins og t.d. í messum aðfangadag, í brúðkaupum í fjölskyldunni og hélt tónleika. Ég fann hvað ég saknaði þess mikið að syngja á íslensku og að flytja íslenska tónlist. Þetta varð síðan til þess að ég ákvað á endanum að skipta um skóla og er nú með þessari ritgerð að ljúka fjögurra ára bakkalárnámi, einu ári við Listaháskóla Íslands og þremur við Tónlistarháskólann í Freiburg. Kennarar mínir í Listaháskólanum eru Þóra Einarsdóttir og Kristinn Sigmundsson og starfa þau bæði einnig sem klassískir söngvarar á Íslandi og erlendis.

Undanfarið ár hef ég komið fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, sungið sem einsöngvari og kórsöngvari í uppfærslum Íslensku óperunnar og komið reglulega fram á tónleikum í tónleikaröðinni *Perlur íslenskra sönglaga*. Því hef ég nú þegar kynnst ýmsu er varðar starfsvettvang söngvara á Íslandi, bæði í gegnum kennara mína og af eigin reynslu.

Rannsóknaraðferð

Samkvæmt vef Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands skiptast rannsóknaraðferðir innan félagsvísindanna í tvennt og eru kallaðar eigindlegar og meginlegar rannsóknir. Meginlegar rannsóknir eru yfirleitt notaðar þegar verið er að safna tölulegum gögnum og eigindlegar þegar verið er að spyrja um eitthvað huglægt eins og t.d. viðhorf eða skoðun.¹

Afstaða rannsakanda

Í kaflanum *Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir* sem Sigríður Halldórsdóttir skrifar í bókinni *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, fjallar hún um að það geti verið erfitt að skilgreina eigindlegar rannsóknaraðferðir vegna þess hve fjölbreyttar þær geti verið. Hún segir þó að oft snúist þær um að reyna að skilja einhver ákveðin mannleg fyrirbæri og rekja þær rætur sínar til félagsfræði og mannfræði. Það má segja að í eigindlegum rannsóknum sé rannsakandinn eins konar mælitæki og þess vegna er mjög mikilvægt að hann geri grein fyrir sjálfum sér, sínum viðhorfum og fyrirframgefnum hugmyndum um rannsóknarefnið.²

Ég sem rannsakandi geri mér grein fyrir því að ég er mjög tengd rannsóknarefninu og mun ég óhjákvæmilega hafa haft einhver áhrif á það hvernig niðurstöður rannsóknarinnar voru settar fram og túlkaðar. Ég gerði það hins vegar eftir bestu getu og geri grein fyrir tengingu minni við efnið í kafla hér fyrir ofan. Ég vonast til þess að þær upplýsingar gefi lesanda betri heildarmynd af rannsókninni og tækifæri til þess að líta hana gagnrýnum augum og túlka og meta út frá eigin sjónarhorni.

¹ „Aðferðir | Félagsvísindastofnun“, sótt 14. ágúst 2016, <http://fel.hi.is/adferdir>.

² Sigríður Halldórsdóttir, „Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir“, í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útg. (Akureyri: Ásprent Stíll ehf., 2013), bls. 239-249, bls. 239.

Fyrirbærafræði

Rannsakandi studdist að hluta til við eigindlega rannsóknaraðferð sem að nefnist Fyrirbærafræði. Þau fræði byggja á því að reyna að skilja eða að fá betri sýn á ákveðið fyrirbæri út frá lífsreynslu fólks.³ Þegar þessari rannsóknaraðferð er beitt, skal rannsakandi eftir bestu getu, leggja sínar fyrirframgefnu hugmyndir um rannsóknarefnið til hliðar og rannsaka reynslu fólks með opnum huga.⁴

Framkvæmd

Rannsakandi útbjó spurningalista sem hann setti svo upp í ákveðið netkönnunarform á síðunni www.surveymonkey.com. Spurningarnar voru tíu í heildina. Könnunin var nafnlaus og voru sumar spurningar til þess gerðar að afla upplýsinga um hvers konar úrtak væri að ræða. Aðrar spurningar voru í eins konar viðtalsformi þar sem þátttakendur voru spurðir um viðhorf og gátu þeir svarað spurningunni með því að skrifa frjálsan texta (sjá Viðauka I).

Þátttakendur voru upplýstir um að könnunin væri nafnlaus og hluti af rannsókn fyrir lokaverkefni á bakkalárstigi við Listaháskóla Íslands (sjá Viðauka II). Könnunin var ekki gerð í þeirri von um að komast að hinum heilaga sannleika, heldur einungis í von um að draga upp aðeins skýrari mynd af starfsvettvangi klassískra söngvara á Íslandi.

Í þessari rannsókn reyndi rannsakandi að ná til starfandi söngvara á Íslandi og spurði þá út í þeirra sýn á starfsvettvanginn og starfsmöguleikana út frá þeirra lífsreynslu.

Stundum er sagt að í eigindlegum rannsóknum liggi sannleikurinn í þátttakendum rannsóknarinnar frekar en í rannsókninni sjálfri og að þess vegna sé mjög mikilvægt að úrtakið sé vandlega valið.⁵ Þar ber að hafa í huga að samræmi sé á milli rannsóknarspurningar og úrtaks.⁶

³ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð“, í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útg. (Akureyri: Ásprent Stíll ehf., 2013), bls. 281-297, bls. 281.

⁴ Sigríður Halldórsdóttir, „Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir“, bls. 244.

⁵ Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki í meginindlegum og eigindlegum rannsóknum“, í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útg. (Akureyri: Ásprent Stíll ehf., 2013), bls. 211-227, bls. 217.

⁶ Sama heimild, bls. 222.

Úrvinnsla gagna

Þegar unnið var úr niðurstöðum rannsóknarinnar studdist rannsakandi við svonefnda þemagreiningu.⁷ Gögnum var safnað saman, töluleg gögn voru sett upp í töflur eins og sjá má í kaflanum hér fyrir ofan og skrifleg svör voru prentuð út. Rannsakandi byrjaði á því að lesa öll svörin yfir nokkrum sinnum og skipti þeim svo upp í tvo flokka.

Fyrst og fremst er um að ræða spurninguna: Telur þú að hægt sé að starfa í 100% starfi sem söngvari/söngkona á Íslandi og hvers vegna? Svörunum við þessari spurningu var skipt upp í tvo flokka, jákvæð svör og neikvæð svör. Fyrst var farið yfir neikvæðu svörin og athugað hvaða ástæður þátttakendur töldu vera fyrir því að það væri ekki hægt að starfa í 100% starfi sem söngvari á Íslandi. Því næst voru svörin borin saman og athugað hvort að eitthvað væri sameiginlegt með þeim og ef að svo var hvaða svör væru þá algengust. Út frá því voru síðan fundin nokkur þemu, sem að fjallað verður um síðar í þessari ritgerð. Sömu aðferð var beitt við jákvæðu svörin.

Í lok könnunarinnar gátu þátttakendur tjáð sig frjálst í reitnum: Annað sem þú vilt taka fram. Tólf þátttakendur nýttu sér þann möguleika. Þar kom ýmislegt forvitnilegt fram og voru þessi svör höfð til hliðsjónar þegar niðurstöður voru túlkaðar.

Netkönnun

Þegar ég deildi könnuninni í hópnum *Söngvarar* þann 19. júlí 2016 voru 596 meðlimir í hópnum og 20. júlí 2016 sendi ég tölvupóst til söngvara í Kór Íslensku óperunnar, sem voru 32. Í heildina höfðu þá 628 manns tækifæri til þess að taka þátt og var könnunin opin til 28. júlí 2016, eða í rúma viku.


Ég valdi að deila könnuninni í þessum hópi og með Kór Íslensku óperunnar af því að ég taldi það vera góða leið til þess að ná til starfandi söngvara á Íslandi. Þetta er eini sameiginlegi samskiptavettvangur klassískra söngvara á Íslandi sem að ég veit um og hef aðgang að. Hópurinn er lokaður, en meðlimir hópsins geta boðið vinum sínum á facebook í hópinn með samþykki Sigríðar Ellu Magnúsdóttur, óperusöngkonu sem hefur umsjón með hópnum.

⁷ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafraði sem rannsóknaraðferð“, bls. 290.

Kostirnir við það að gera netkönnun eru að í nútímasamfélagi eru margir nettengdir meiri hluta dags og í gegnum netið getur verið auðvelt að ná til fólks sem maður þekkir ekki. Einnig eru niðurstöðurnar fljótar að berast. Með þessum hætti næst þó aðeins til þeirra sem að nota netið reglulega og í þessu tilviki til þeirra sem að eru virkir í þessum hópi á facebook. Hafa ber í huga að svarendur völdu sjálfir að taka þátt.


Úrtak

Alls svöruðu 47 manns könnuninni, þar af voru 11 karlar og 36 konur eða 23% karlar og 77% konur(sjá Mynd 1).




Mynd 1 – Hlutfallsleg skipting kynja

Flestir voru á aldrinum 35-49 ára eða um 49% þátttakenda. Næst stærsti hópurinn var á bilinu 20-34 ára eða um 32% og þriðji stærsti hópurinn á bilinu 50-64 ára eða 17%. Aðeins 2% voru 19 ára eða yngri og enginn var 65 ára eða eldri (sjá Mynd 2).




Mynd 2 – Hlutfallsleg skipting aldurs

Flestir þátttakenda eða 83% starfa eða hafa starfað sem söngvari/söngkona á Íslandi en 17% starfa ekki og hafa ekki starfað sem söngvarar/söngkonur á Íslandi (sjá Mynd 3). Starfsaldur var á bilinu 1-25 ár.



Mynd 3 – Hlutfallsleg skipting þátttakenda á milli þeirra sem starfa eða hafa starfað og þeirra sem að starfa ekki og hafa ekki starfað sem söngvarar/söngkonur á Íslandi

Meirihluti þátttakenda eru með háskólagráðu í tónlist eða samtals 64%. Þar af eru 30% með meistaragráðu eða sambærilega menntun og 34% með bakkalágráðu eða sambærilega menntun. Einnig hafa 32% þátttakenda lokið framhaldsprófi úr tónlistarskóla eða sambærilegu prófi og 4% hafa stundað einkanám í tónlist(sjá Mynd 4).



Mynd 4 – Hlutfallsleg skipting menntastiga svarenda

Fræðilegur grunnur

Hér verður fjallað um þær heimildir sem stuðst var við í gerð þessarar ritgerðar.

Háskólamenntun í tónlist

Í bókinni *Research into Higher Music Education* sem að byggir á rannsóknum Harald Jørgensen, skiptir hann tónlistarháskólum í tvo flokka.

Annars vegar er evrópska útgáfan sem stundum er kölluð „conservatoire“ á ensku, þar sem áherslan er fyrst og fremst á að undirbúa nemendur fyrir að starfa sem atvinnuflytjendur (e. professional performers). Sumir þessara skóla bjóða þó einnig upp á undirbúning fyrir þá sem að ætla sér að starfa við tónlistarkennslu.

Hins vegar eru til stofnanir sem að eru hluti af almennum háskólum, þar sem megin áhersla er á undirbúning nemenda fyrir tónlistarkennslu en flestir þeirra bjóða einnig

upp á undirbúning fyrir atvinnuflytjendur.⁸ Þannig að þó svo að áherslurnar séu ólíkar er möguleiki að læra hvoru tveggja í flestum skólanna.

Í formálanum talar Jørgensen um að hið aldagamla kerfi tónlistarháskóla í vestrænum heimi hafi staðið frammi fyrir miklum áskorunum undanfarin ár. Hann telur að síðustu tveir áratugir og næstu ár hafi verið og muni verða sérstaklega erfið fyrir þessar stofnanir. Á tímum stöðugra breytinga telur hann sérstaklega mikilvægt að rannsaka starfsemi stofnananna til þess að geta brugðist við eftirspurn og undirbúið nemendur betur fyrir þann starfsvettvang sem bíður þeirra að loknu námi.⁹

Aðferðafræði í námi

Bókin *Collaborative Learning in Higher Music Education* byggir á hugmyndafræði um að samvinna í námi, samlærdómur (e. collaborative learning) sé að verða ein besta leiðin til þess að mæta þeim breyttu kröfum sem að tónlistarmenn standa frammi fyrir innan tónlistariðnaðarins og í tónlistarnámi á háskólastigi. Þegar talað er um samvinnu í námi eða samlærdóm er átt við að læra í samtali við aðra og að nám sé félagslegt.

Í bókinni er enn fremur fjallað um hinar auknu kröfur um að vera sveigjanlegur í starfi og að takast stöðugt á við nýjar aðstæður með nýju fólki. Einnig er bent á að hingað til hefur megináhersla í tónlistarnámi á háskólastigi verið á það að öðlast tæknilega kunnáttu og að æfa ákveðna klassíska efnisskrá (e. repertoire). Kennsluáðferðir byggjast aðallega á því að meistari miðli þekkingu sinni til lærlings. Til þess að geta undirbúið nemendur betur fyrir þau verkefni sem að bíða þeirra að loknu námi, telja þær Helena Gaunt og Heidi Westerlund mikla þörf á að breyta núverandi kennsluáðferðum í tónlistarnámi á háskólastigi.¹⁰

Starfsmöguleikar

Í bókinni *Singing Opera in Germany* sem kom út árið 2005 er sagt frá því að sama ár hafi verið u.þ.b. 90 starfandi tónlistarleikhús í þýskumælandi löndum. Flest þessara

⁸ Harald Jørgensen, *Research into higher music education: an overview from a quality improvement perspective* (Oslo: Novus Forlag, 2009), bls. 12-13.

⁹ Sama heimild, Formáli.

¹⁰ Helena Gaunt og Heidi Westerlund, ritstj., *Collaborative learning in higher music education*, SEMPRE studies in the psychology of music (Farnham, Surrey ; Burlington, VT: Ashgate, 2013), Formáli.

leikhúsa eru með hóp fastráðinna söngvara, sem þýðir að söngvararnir fá föst mánaðarlaun og geta verið öruggir með stöðu sína í eitt ár.

Leikárið 2004/2005 voru 2.976 einsöngvarar starfandi í tónlistarleikhúsum í Þýskalandi, fastráðnir eða sem gestasöngvarar. Á ári hverju koma á bilinu 4000-6000 söngvarar til Þýskalands, alls staðar að úr heiminum, til þess að fara í áheyrnarprufur fyrir þessi störf. Ef við berum það saman við þá staðreynd að í mesta lagi 50 þessarar starfa losna á ári, þá liggur það í augum uppi að líkurnar á að fá starf sem óperusöngvari í Þýskalandi eru mjög litlar.¹¹

Starfsvettvangur klassískra söngvara

Í viðtali við Kristin Sigmundsson, óperusöngvara á vef Vísis frá því í september 2014 segir að söngferill Kristins spanni yfir þrjátíu ár. Hann flýgur á milli heimsálfa og syngur við óperuhús um allan heim. Í viðtalinu segir Kristinn að t.d. árið 2013 hafi hann sungið í Tokyo, Strassbourg, Peking, Toulouse og San Francisco. Viðtalið var tekið þegar Kristinn var að undirbúa hlutverk sitt í uppfærslu Íslensku óperunnar á Don Carlo. Fram að því hafði Kristinn ekki verið heima á Íslandi að hausti til í rúmlega tuttugu ár. Vinna hans fram að því hafði að mestu leyti verið erlendis. Hann segir þó í viðtalinu að hann sé farið að langa til þess að vera meira heima á Íslandi og líkir eiginkonu sinni, Ásgerði Þórisdóttur, við sjómannskonu, en hún býr á Íslandi.¹²

Eins og sjá má af orðum Kristins er starfsvettvangur klassískra söngvara alþjóðlegur. Sömu óperurnar eru settar upp um allan heim á upprunalegu tungumálunum, sem að gerir söngvurum kleift að ferðast um heiminn og syngja sömu hlutverkin í mismunandi uppfærslum. Á sama tíma eru þeir oft mikið á ferðalagi og fjarri fjölskyldum sínum og heimili jafnvel stóran hluta árs.

Störf söngvara á Íslandi eru eingöngu verkefnabundin. Það þýðir að ef að söngvari er t.d. ráðinn til þess að syngja hlutverk hjá Íslensku óperunni þá er æfingiferlið á bilinu 6-8 vikur og sýningarferlið 4-5 vikur til viðbótar. Eftir það þarf viðkomandi söngvari

¹¹ Marita Knobel og Brigitte Steinert, *Singing Opera in Germany: A Practical Guide*, Transl.,(Kassel: Bärenreiter, 2005), bls. 31.

¹² „Söngvari einn góðan veðurdag - Vísir“, sótt 12. ágúst 2016, <http://www.visir.is/songvari-einn-godan-vedurdag/article/2014709139963>.

að leita sér að öðru verkefni. Þetta á svo sem ekki eingöngu við um Ísland, heldur hefur starfsvettvangur listamanna almennt verið að færast í þessa átt og smám saman orðið meira verkefnatengdur.¹³

Í viðtali við Elmar Gilbertsson, óperusöngvara á vef Vísis frá því í febrúar 2014, talar hann um að söngvarar þurfi að fara í eins konar atvinnuviðtal fyrir hvert einasta verkefni. Í hans tilviki séu það tíu til tuttugu á ári og svo er hann ráðinn í eitt til tvö af þeim verkefnum. Elmar ferðast mikið í sínu starfi en segist oft hugsa um hvað það væri gaman að flytja heim til Íslands og geta verið nær dóttur sinni. Hann telur það hins vegar ekki raunhæft að starfa í fullu starfi sem óperusöngvari á Íslandi og nefnir t.d. smæð markaðarins sem ástæðu. Viðtalið var tekið þegar Elmar var að syngja hlutverk í óperunni Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson í uppfærslu Íslensku óperunnar. Hann kemur einnig inn á að Íslenska óperan sé drifkraftur í óperulífi á Íslandi að hans mati, en búi því miður ekki við nægt fjármagn til þess að geta sett upp fleiri en tvær uppfærslur á ári.¹⁴

Íslenska óperan

Á heimasíðu Íslensku óperunnar segir að saga hennar hafi ekki enn verið skráð nema að litlu leyti. Hópur söngvara stofnaði Íslensku óperuna árið 1978. Garðar Cortes, óperusöngvari átti frumkvæðið og starfaði óperan lengst af í Gamla Bíói við Ingólfsstræti. Árið 2011 flutti Íslenska óperan starfsemi sína yfir í tónlistarhúsið Hörpu og starfar nú þar.¹⁵

Frá upphafi hefur óperan sett upp yfir áttatíu óperusýningar og árlega eru settar upp nýjar uppfærslur. Íslenska óperan heldur einnig reglulega tónleika, þar sem ýmist koma fram ungir söngvarar að stíga sín fyrstu skref eða þekktir og reynslumiklir söngvarar. Óperan leggur áherslu á að ráða íslenska listamenn í verkefni sín, en erlendir listamenn hafa einnig oft komið að verkefnum hennar.¹⁶ Starfsmenn eru verkefnaráðnir, fyrir utan nokkra fasta starfsmenn sem að starfa allt árið og halda utan um almennan rekstur.

¹³ Gaunt og Westerlund, *Collaborative learning in higher music education*, Formáli.

¹⁴ „Úr dauðarokki í óperunám - Vísir“, sótt 3. nóvember 2016, <http://www.visir.is/ur-daudarokki-i-operunam/article/2014702229973>.

¹⁵ „Saga Íslensku óperunnar“, *Íslenska óperan*, sótt 13. desember 2016, <http://opera.is/is/io/saga-islensku-operunnar/>.

¹⁶ „Um Íslensku óperuna“, *Íslenska óperan*, sótt 13. desember 2016, <http://opera.is/is/io/>.

Starfsmannafjöldi er mjög breytilegur eftir verkefnum en á sýningartíma getur hann verið á annað hundrað manns.¹⁷

Við óperuna er starfandi Kór Íslensku óperunnar sem samanstendur af tuttugu söngvurum sem kallast kjarnakór. Fyrirsöngur fyrir inngöngu í kórinn er haldinn með reglulegu millibili. Ef þörf er á stærri kór fyrir ákveðin verkefni þá er söngvurum bætt við kjarnakórinn. Söngvarar í kór, líkt og aðrir starfsmenn, eru verkefnaráðnir.¹⁸

Upplýsingar varðandi ráðningar eða val á söngvurum koma ekki fram á heimasíðu óperunnar.

Niðurstöður netkönnunar

Hér verður fjallað um niðurstöður netkönnunarinnar og þau meginþemu sem að komu fram í svörum þátttakenda.

Er hægt að vera í fullu starfi sem klassískur söngvari á Íslandi?

Þátttakendur voru spurðir hvort að þeir teldu það mögulegt að vera í fullu starfi sem söngvari á Íslandi og hvers vegna. Meira en helmingur svarenda taldi svo ekki vera og gaf upp mismunandi ástæður fyrir því. Margir töluðu um að markaðurinn væri of lítill og að það væri of lítil eftirspurn. Einhverjir komu inn á það að það væru engir fastir samningar í boði fyrir söngvara á Íslandi og að óstöðugar tekjur gerðu það að verkum að ómögulegt væri að starfa 100% sem söngvari. Enn aðrir töldu að of margir söngvarar væru á markaðnum og algengt að sömu söngvararnir fengju þau fáu störf sem í boði eru og að erfitt geti verið fyrir nýja söngvara að fá tækifæri.

Þeir sem að svöruðu spurningunni játandi og töldu að það væri hægt að vera í fullu starfi sem söngvari á Íslandi, töluðu um að dugnaður, frumkvæði, tengslamyndun og fjölbærni væru lykilatriði til þess að geta starfað sem söngvari á Íslandi. Flestir þeirra sögðu að tækifærin væru til staðar, endalausir möguleikar væru til þess að skapa sér

¹⁷ „Stjórn og starfsfólk“, *Íslenska óperan*, sótt 13. desember 2016, <http://opera.is/is/io/stjorn-og-starfsfolk/>.

¹⁸ „Kór og hljómsveit“, *Íslenska óperan*, sótt 13. desember 2016, <http://opera.is/is/io/kor-og-hljomsveit/>.

vinnu sjálfur. Sumir nefndu að með auknum ferðamannastraumi væru tækifærin jafnvel ennþá fleiri.

Dæmi um störf sem að voru nefnd var að syngja sem einsöngvari eða kórsöngvari við Íslensku óperuna, við kirkjulegar athafnir og við ýmiss konar samkomur. Einhverjir nefndu einnig möguleikana á að starfa sem söngkennari eða kórstjóri. Í þessari ritgerð er markmiðið hins vegar að rannsaka starfsmöguleika söngvarans sem flytjanda eingöngu, þó svo margir flytjendur starfi einnig sem kennarar.


Laun

Út frá niðurstöðum netkönnunarinnar má áætla að margir þeirra sem starfa við söng á Íslandi hafi einnig tekjur annars staðar frá og að söngstarfið sé einhvers konar aukastarf eða hlutastarf. Rúmlega 80% þeirra sem að tóku þátt og höfðu starfað sem söngvarar á Íslandi, sögðu að árstekjur þeirra fyrir söng árið 2015 hefðu verið á bilinu 0-1.499.000kr(sjá Mynd 5)

Samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðu verkalýðsfélagsins Einingar-Iðju voru lágmarkslaun á Íslandi árið 2015 fyrir fullt starf 245.000 krónur á mánuði sem gera tæpar 3.000.000 króna í árslaun.¹⁹

Af þeim 40 sem svöruðu spurningunni um árstekjur var aðeins einn sem sagðist vera með árstekjur á bilinu 3.000.000-4.499.000kr, sem að gæti þá talist til 100% starfs sem söngvari. Sjö sögðust vera á bilinu 1.500.000-2.999.000kr. Út frá þessum upplýsingum má álykta að mögulegt sé að lifa á þeim tekjum sem hægt er að þéna fyrir söng á Íslandi.

¹⁹ „Lágmarkslaun | Eining-Iðja“, sótt 2. nóvember 2016, <http://www.ein.is/is/kjaramal/lagmarkslaun>.



Mynd 5 – Árstekjur þátttakenda fyrir söng á Íslandi.

Þó svo að flestir þátttakenda hafi meirihluta tekna sinna annars staðar frá, þá getur vel verið að þær tekjur séu fyrir söngtengd verkefni. Margir söngvarar á Íslandi starfa t.d. við söngkennslu og kórstjórn.

Lítill markaður

Mjög margir töluðu um að of lítill markaður eða of lítil eftirspurn væri ástæða þess að þeir teldu ekki raunhæft að vera í fullu starfi sem klassískur söngvari á Íslandi. Of fá störf í boði, of margir söngvarar og of fáir áheyrendur voru algeng svör. Rannsakandi velti því fyrir sér við hvað þátttakendur eru að miða þegar þeir tala um of lítinn markað eða of fáa áheyrendur. Ísland er vissulega lítið og fámennnt land en ef miðað er við önnur lönd er aðsókn á listviðburði hins vegar frekar mikil. Sumir töluðu um að þeir teldu það ekki raunhæft að vera í fullu starfi sem klassískur söngvari nema fyrir örfáa útvalda, kannski þrjá til fjóra söngvara í einu.

Lítum til Þýskalands, þar sem rúmlega 80 milljónir búa. Þar voru tæplega 3.000 starfandi einsöngvarar á föstum samningi eða gestasamningi í tónlistarleikhúsum leikárið 2004/2005, samkvæmt bókinni *Singing Opera in Germany*.²⁰ Ef við færum þessar tölur til gamans yfir í íslenskt samhengi þá ættu að vera ellefu starfandi einsöngvarar á Íslandi. Munurinn er hins vegar sá að þar sem að það er ekki hægt að

²⁰ Knobel og Steinert, *Singing Opera in Germany*, bls. 31.

fastráða sig sem söngvari á Íslandi, þá eru þessi störf hreinlega ekki til. Vissulega þyrfti að taka ýmislegt fleira með í reikninginn ef bera ætti saman starfsvettvang söngvara í þessum tveimur löndum. Hér var þetta aðeins gert til þess að veita innsýn í muninn á því þegar atvinnutækifæri eða möguleikar á farstáðningu eru til staðar og því að eiga enga möguleika á fastráðningu. Óneitanlega hefur það áhrif á hugsun og markmið þeirra sem hyggja á að starfa sem söngvarar á Íslandi.

Að skapa eigin tækifæri

Sumir nefndu að ótal mörg tækifæri væru til staðar á Íslandi til þess að skapa sér vinnu sem söngvari. Til þess þyrfti hins vegar að sýna frumkvæði, vera skapandi í hugsun og duglegur. Markaðshæfileikar, tengslamyndun og að koma sér á framfæri var einnig nefnt í þessu samhengi. Þátttakendur útskýrðu ekki nánar hvað þeir meintu með því að tækifæri væru til staðar til þess að skapa sér vinnu sem söngvari á Íslandi, en sumir nefndu að með auknum ferðamannastraumi væru tækifærin jafnvel ennþá fleiri.

Dæmi um það hvernig íslenskir söngvarar hafa skapað sér tækifæri sem að tengjast fjölgun ferðamanna er tónleikaröðin *Perlur íslenskra sönglaga* sem Bjarni Thor Kristinsson, óperusöngvari setti á laggirnar. Tónleikaröðin hóf göngu sína árið 2010 en hefur frá árinu 2011 verið starfrækt í tónlistarhúsinu Hörpu. Á tónleikunum er flutt klukkutíma löng efnisskrá með íslenskum sönglögum eftir ýmsa höfunda. Kynningar eru á ensku og er markhópurinn erlendir ferðamenn. Flestir tónleikarnir eru yfir sumartímann, allt að fimm sinnum í viku, en með auknum ferðamannastraumi hefur tímabilið verið lengt og tónleikum bætt við eftir eftirspurn. Yfir 50 söngvarar og hljóðfæraleikarar hafa komið fram á tónleikum í tónleikaröðinni frá upphafi.²¹

Ekki má gleyma því að söngvarar stofnuðu Íslensku óperun árið 1978. Þar var um að ræða hóp söngvara sem að vantaði starfsvettvang svo að þeir ákváðu að búa hann til sjálfir af eigin frumkvæði og úr varð Íslenska óperan, sem hefur nú verið starfandi í hátt í fjörutíu ár.²²

²¹ „Pearls of Icelandic song“, sótt 13. desember 2016, <http://pearls.is/>.

²² „Saga Íslensku óperunnar“.

Menntun og reynsla

Meirihluti þeirra sem að svöruðu könnuninni eru með háskólagráðu í tónlist eða sambærilega menntun en samt sem áður virðast ekki margir þeirra starfa 100% sem söngvarar(sjá Mynd 4 og Mynd 5). Áherslur í háskólanámi í tónlist geta verið mismunandi og líkt og í öðru háskólanámi er hægt að velja um mismunandi brautir með einhvers konar sérhæfingu. Söngnám á háskólastigi er í boði í tónlistarháskólum um allan heim. Á Íslandi er Listaháskóli Íslands hins vegar eini háskólinn sem að býður upp á söngnám á háskólastigi.

Jørgensen, Gaunt og Westerlund tala öll um að aðal áherslur í tónlistarnámi á háskólastigi hafi hingað til verið á að nemendur öðlist tæknilega kunnáttu og æfi ákveðna klassíska efnisskrá. Vissulega er það mikilvægt að vera fær í sínu fagi, en starf tónlistarmanna krefst einnig margra annarra þátta og tæknileg kunnátta er aðeins einn af þeim.^{23 24}

Jørgensen talar um að háskólanám í tónlist sé til þess ætlað að undirbúa nemendur fyrir starfsferil innan tónlistar. Hann bendir á að tónlistarmaður sé ekki atvinnumaður fyrr en að hann getur lifað af þeim tekjum sem að hann aflar fyrir tónlistartengd störf. Ef að tónlistarháskólum tekst ekki sitt megin ætlunarverk, sem er að undirbúa nemendur fyrir starfsferil innan tónlistar, telur Jørgensen að tilvist þeirra sé í hættu.²⁵

Sumir þátttakenda í netkönnuninni gengu meira að segja svo langt að segja að menntunin skipti engu máli þegar kæmi að því að sækja um starf eða að reyna að skapa sér starfstækifæri sem söngvari. Þar telur rannsakandi að þátttakendur eigi við að þó svo að söngvarar séu með háskólagráðu í söng þá tryggi það þeim ekki starfsferil sem söngvarar eins og það gæti gert í mörgum öðrum stéttum samfélagsins.

Jørgensen spyr hvort að útskrifaðir nemendur úr tónlistarháskólum fái tónlistartengd störf að loknu námi og ef svo er hversu vel þeir eru undir það búnir að sinna þeim störfum. Í framhaldi af því spyr hann hvort að tónlistartengd störf séu yfihöfuð í boði.²⁶

²³ Jørgensen, *Research into higher music education*, Formáli.

²⁴ Gaunt og Westerlund, *Collaborative learning in higher music education*, Formáli.

²⁵ Jørgensen, *Research into higher music education*, bls. 162.

²⁶ Sama heimild, bls. 162.

Hann vitnar einnig í rannsókn sem að birtist í *British Journal in Music Education* árið 2007. Þar kom í ljós að draumastarf allra nemenda í tónlistarháskólanum í Queensland væri að starfa sem flytjandi. Jörgensen segir að áhersla á að undirbúa nemendur til þess að verða atvinnuflytjendur muni halda áfram að vera stór hluti starfsemi tónlistarháskólanna. Hann veltir því hins vegar fyrir sér hvort að draumur nemenda um að starfa sem atvinnuflytjendur, blindi þá fyrir því að vera opnir fyrir öðrum starfsmöguleikum innan tónlistariðnaðarins.²⁷

Eins og þeir þátttakendur sem að töldu það raunhæft að starfa 100% sem söngvari á Íslandi bentu á, er mikilvægt fyrir söngvara að vera fjölhæfir. Sumir töldu að hægt væri að lifa á því að vera söngvari á Íslandi, en ekki eingöngu sem óperusöngvari. Flestir nefndu að það þyrfti að gera svolítið af öllu og nefndu þá sem dæmi að syngja hjá óperunni, við útfarir, í brúðkaupum, á árshátíðum og ýmislegt fleira.

Vangaveltur

Í þessum kafla veltir rannsakandi fyrir sér niðurstöðum rannsóknarinnar út frá eigin sjónarhorni.

Lágmarkslaun

Ef tekið er mið af niðurstöðum þessarar rannsóknar þá virðast ekki margir klassískir söngvarar starfa 100% sem flytjendur á Íslandi. Fyrir í þessari ritgerð var fjallað um laun þátttakenda (sjá Mynd 5) og þau borin saman við lágmarkslaun árið 2015. Vissulega er ekki ákjósanlegt að stunda háskólanám í mörg ár og þurfa að bera sig saman við lágmarkslaun á vinnumarkaði. Ástæða þess að rannsakandi kaus að bera launin saman við lágmarkslaun, er sú að meginspurning þessarar ritgerðar er: Er hægt að hafa fulla atvinnu af því að vera klassískur söngvari á Íslandi? Rannsóknarspurningin leiddi af sér spurningar eins og: Hvað getur talist fullt starf, hver eru launin og er hægt að lifa af þeim? Vissulega er það afstætt og ef til vill ómögulegt að spyrja að því hvort hægt sé að lifa af ákveðnum launum, en til þess að komast nær því að svara spurningunni ákvað rannsakandi að miða við lágmarkslaun.

²⁷ Sama heimild, bls. 166.

Rannsakandi velti einnig fyrir sér hvort að laun söngvara á Íslandi væru mögulega almennt lág, samanborin við aðrar starfsstéttir. Hvaða þættir eru teknir til greina þegar laun söngvara eru ákveðin? Er tekið tillit til þess að um er að ræða háskólamenntað fólk?

Þar sem aðeins var spurt um árslaun og ekki vinnuprósentu, veit rannsakandi ekki hversu margar vinnustundir liggja að baki. Þar af leiðandi er erfitt að áætla hvort um sé að ræða há eða lág laun. Launin gætu jafnvel verið há en vinnuprósentan hins vegar lág.

Leitað í önnur störf

Þær niðurstöður sem að komu rannsakanda hvað mest á óvart, voru hversu margir voru með árslaun á bilinu 0-1.499.000kr eða 80% þátttakenda. Þetta vakti upp ýmsar spurningar, meðal annars hvort að söngstarfið hjá þessum þátttakendum bættist ofan á annað fullt starf. Þátttakendur voru vissulega flestir með háskólagráðu í tónlist og þar af leiðandi vel að sér í sínu fagi, en ef engin störf eru í boði sem söngvari, þá neyðast þeir ef til vill til þess að leita í önnur störf.

Áhugavert væri að vita hversu hátt hlutfall klassískra söngvara á Íslandi starfa við söngkennslu og hvort að það hafi verið ætlunin upprunalega. Hvort að þeir hafi stefnt að því að starfa við söngkennslu þegar þeir hófu tónlistarnám á háskólastigi eða hvort að það hafi verið úrlausn þegar lítið var um störf og fastar tekjur sem flytjandi.

Fastráðning

Sú staðreynd að ekki er hægt að fastráða sig sem söngvari á Íslandi gerir það vissulega erfitt að framfleyta sér af söngstarfinu. Samfélagið gerir ráð fyrir því að fólk fái fastar tekjur mánaðarlega en sem söngvari á Íslandi er hvergi hægt að fá regluleg mánaðarlaun. Nokkuð margir þátttakendur sögðust hafa reynt að starfa eingöngu við söng á Íslandi en gefist upp eftir nokkurn tíma vegna óöryggis á vinnumarkaði og óstöðugra tekna.

Ef til vill eru störfín og tækifærin þó til staðar, líkt og sumir þátttakenda töldu, en hugsanlega undirbýr hið aldagamla kerfi tónlistarháskólanna nemendur ekki fyrir réttan

starfsvettvang. Söngnámið virðist miðast að því að undirbúa nemendur fyrir fastráðningu, sem er ýmist lítill hluti af heildarstarfsvettvanginum eða hreinlega ekki til. Aukin krafa er innan tónlistariðnaðarins um að sýna frumkvæði og skapa sín eigin starfstækifæri. Á meðal klassískt menntaðra söngvara virðist það þó heyra til undantekninga.

Þegar rannsakandi tekur saman svör þátttakenda sem töldu mögulegt að vera í 100% starfi sem söngvari á Íslandi, virðist sem svo að það að koma sjálfum sér á framfæri, skapa sér nafn sem listamaður og að skapa eigin starfstækifæri með frumkvæði, sé eina leiðin til þess að geta verið í 100% starfi sem söngvari á Íslandi.

Lokaorð

Rannsóknin leiddi í ljós að aðeins einn þátttakandi virtist geta talist vera í fullu starfi sem söngvari og sjö þátttakendur gætu talist vera í 50-100% starfi sem söngvarar, miðað við gefnar forsendur um lágmarkslaun. Athygli vakti hve margir höfðu háskólagráðu í tónlist en virtust ekki starfa sem flytjendur nema að mjög littlu leyti. Áhugavert væri að vita hvort að þeir þátttakendur starfi við önnur tónlistartengd störf eða hafi skipt um starfsvettvang og af hvaða ástæðum.

Rannsakandi velti því fyrir sér hvort þeir íslensku söngvarar sem að starfa erlendis myndu velja að starfa á Íslandi ef fleiri starfstækifæri og fastráðning væru til staðar á Íslandi. Flytja íslenskir söngvarar til útlanda vegna þess að þeir geta ekki starfað sem klassískir söngvarar hér á landi?

Alla tíð hefur mér sem söngnemanda verið sagt að ef að ég ætli að starfa sem klassískur söngvari þá þurfi ég að starfa erlendis. Óneitanlega hefur það haft mikil áhrif á mig sem söngnema og mitt líf en þar sem er fólk, þar eru tækifæri til þess að starfa sem söngvari.

Á Íslandi er starfandi sinfóníuhljómsveit sem að heldur tónleika í hverri viku, tvö stór leikhús með margar sýningar í viku allan veturinn og svo mætti lengi telja. Í samfélagi þar sem slík starfsemi gengur upp og hefur verið starfandi í marga áratugi er erfitt að trúa því að ekki sé rúm fyrir sams konar starfsemi fyrir söngvara. Mikilvægt er að allar listastofnanir séu í stöðugu samtali við samfélagið.

Mögulega er ekki mikil eftirspurn eftir hefðbundnum óperusýningum á Íslandi, en það ætti ekki að standa í vegi fyrir því að söngvarar geti yfirhöfuð starfað á Íslandi. Möguleikarnir eru í raun margir. Hugurinn ber þig hálf leið. Einungis þarf að leyfa huganum að fara á flug og fylgja hugmyndum eftir óhræddur með orðum, gjörðum og söng!

Heimildaskrá

- „Aðferðir | Félagsvísindastofnun“. Sótt 14. ágúst 2016. <http://fel.hi.is/adferdir>.
- Gaunt, Helena, og Heidi Westerlund, ritstj. *Collaborative learning in higher music education*. SEMPRE studies in the psychology of music. Farnham, Surrey ; Burlington, VT: Ashgate, 2013.
- Jørgensen, Harald. *Research into higher music education: an overview from a quality improvement perspective*. Oslo: Novus Forlag, 2009.
- Knobel, Marita, og Brigitte Steinert. *Singing Opera in Germany: A Practical Guide*. Transl., Revised and Ed. Kassel: Bärenreiter, 2005.
- „Kór og hljómsveit“. *Íslenska óperan*. Sótt 13. desember 2016. <http://opera.is/is/io/kor-og-hljomsveit/>.
- „Lágmarkslaun|Eining-Iðja“. Sótt 2.nóvember 2016. <http://www.ein.is/is/kjaramal/lagmarkslaun>.
- „Pearls of Icelandic song“. Sótt 13. desember 2016. <http://pearls.is/>.
- „Saga Íslensku óperunnar“. *Íslenska óperan*. Sótt 13. desember 2016. <http://opera.is/is/io/saga-islensku-operunnar/>.
- Sigríður Halldórsdóttir. „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð“. Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útg., bls. 281-297. Akureyri: Ásprent Stíll ehf., 2013.
- Sigríður Halldórsdóttir. „Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir“. Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útg., bls. 239-249. Akureyri: Ásprent Stíll ehf., 2013.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. „Réttmæti og áreiðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum“. Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útg., bls. 211-227. Akureyri: Ásprent Stíll ehf., 2013.
- „Stjórn og starfsfólk“. *Íslenska óperan*. Sótt 13. desember 2016. <http://opera.is/is/io/stjorn-og-starfsfolk/>.
- „Söngvari einn góðan veðurdag - Vísir“. Sótt 12. ágúst 2016. <http://www.visir.is/songvari-einn-godan-vedurdag/article/2014709139963>.
- „Um Íslensku óperuna“. *Íslenska óperan*. Sótt 13. desember 2016. <http://opera.is/is/io/>.
- „Úr dauðarokki í óperunám - Vísir“. Sótt 3. nóvember 2016. <http://www.visir.is/ur-daudarokki-i-operunam/article/2014702229973>.

Viðauki I

Hér má sjá netkönnunina í heild sinni.

Starfsvettvangur söngvara á Íslandi

* 1. Hvernig metur þú starfsmöguleika söngvara á Íslandi?

Mjög góða	Góða	Hvorki góða né slæma	Slæma	Mjög slæma
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 2. Hefur þú starfað/starfar þú sem söngvari/söngkona á Íslandi?

- Já
- Nei

3. Ef þú svaraðir spurningu tvö játandi - Hvað starfaðirðu/hefurðu starfað lengi sem söngvari/söngkona á Íslandi?

4. Ef þú svaraðir spurningu tvö játandi - Hverjar voru tekjur þínar af söng á Íslandi árið 2015?

- 0 - 1.499.000kr
- 1.500.000 - 2.999.000kr
- 3.000.000 - 4.499.000kr
- 4.500.000 - 5.999.000kr
- 6.000.000 eða meira

5. Ef þú svaraðir spurningu tvö neitandi - Ertu í námi eða vinnu?

- Í námi
- Í vinnu
- Bæði
- Hvorugt

6. Telur þú að hægt sé að starfa í 100% starfi sem söngvari/söngkona á Íslandi og hvers vegna?

* 7. Hver er tónlistarmenntun þín?

- Framhaldspróf eða sambærilegt
- Bakkalárgráða eða sambærilegt
- Meistaragráða eða sambærilegt
- Einkanám

Annað

* 8. Kyn

- Karl
- Kona

* 9. Aldur

- 19 ára eða yngri
- 20-34 ára
- 35-49 ára
- 50-64 ára
- 65 ára eða eldri

10. Annað sem þú vilt taka fram:

Viðauki II

Hér má sjá textann sem fylgdi könnuninni í heild sinni.

Kæru söngvarar og söngkonur ☺

Ég er að vinna lítið rannsóknarverkefni fyrir lokaritgerðina mína í bakkalárnáminu við Listaháskóla Íslands þar sem efni ritgerðarinnar er „Starfsvettvangur söngvara á Íslandi.“ Markmiðið er að leita svara við spurningum eins og t.d. Er hægt að lifa á því að vera óperusöngvari á Íslandi? Eru til óperusöngvarar á Íslandi sem að starfa eingöngu við að syngja? og ýmislegt fleira.

Þessi könnun hér fyrir neðan er hluti af rannsókninni og væri ég ykkur afar þakklát ef þið mynduð gefa ykkur nokkrar mínútur í að fylla hana út og segja ykkar skoðun til þess að hjálpa mér að fá marktækar niðurstöður sem að endurspeгла raunveruleikann.

Með fyrirfram þökk,

Heiðdís Hanna Sigurðardóttir